



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 8.júní 2020

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Sendandi: Hafsteinn Grétarsson, Miðstöð útivistar og útináms

Efni: Minnisblað vegna tillögu sem lögð var fram fundi skóla- og frístundaráðs 10.september 2019 og beiðni um upplýsingar vegna sama erindis ítrekaðar 2. júní 2020.

12. september 2019 barst MÚÚ eftirfarandi erindi frá skrifstofu SFS:

Á fundi skóla- og frístundaráðs sl. þriðjudag lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að könnun verði gerð á notkun útikennslustofa í borginni með það að markmiði að hægt verði að nýta þær betur. Kortlagning þeirra verði nýtt til að hvetja til frekari notkunar þeirra og til samnýtingar milli hverfa, skóla og leikskóla. Þannig gefst tækifæri fyrir fleiri skóla, leikskóla og frístundaheimili að nýta útikennslustofurnar enda er útinám hluti af aðalnámskrá.

Á fundi skóla- og frístundaráðs í desember 2015 voru lögð fram meðfylgjandi gögn um útikennslustofur og grenndarsvæði. Hefur eitthvað breyst í þessum eignum frá þeim tíma? Eigið þið til eitthvert yfirlit um notkun á útkennslusvæðum?

18. september 2019 sendi MÚÚ minnisblað á sviðstjóra um stöðu grenndarsvæðasamninga SFS og USK, (sjá viðhengi: Minnisblað MÚÚ vegna Grenndarsvæða júní 2018).

2. júní 2020 er óskað eftir minnisblaði frá MÚÚ vegna sömu tillögu og er hér fyrir ofan. Einnig eru eftirfarandi spurningar lagðar fram:

1. Hvort þörf er á að gera könnun um notkunina eins og lagt er til.
2. Fá upplýsingar um hvort og þá hvernig þið haldið utan um notkunina.
3. Hvernig útikennslustofur eru kynntar fyrir starfsfólki skóla og frístundastarfs.

Hér fyrir neðan má finna svör við ofangreindum spurningum ásamt uppfærslu á tillögu hluta MÚÚ í minnisblaði frá 22.júní 2018 – „Endurskoðun á Grenndarsvæðasamningum SFS og USK“.

Svar við spurningum:

1. Eins og koma fram í minnisblaði frá 22.júlí 2018 var í janúar og febrúar gerð könnun á notkun grenndarsvæða meðal þeirra skóla sem höfðu gert grenndarsvæðasamning. Sú könnun tekur hins vegar bara til rétt rúmlega 30 skóla, (leikskóla og grunnskóla). Í þeirri könnun kom fram að ca. 30% (10 skólar) notuðu grenndarsvæði mikið (einu sinni í viku eða oftar). Engar upplýsingar eru til um notkun annarra skóla – eða frístundaheimila á grænum svæðum / grenndarsvæðum. Gera má ráð fyrir að hlutfallið sé lægra ef allar starfsstöðvar eru kannaðar.

MÚÚ mælir með að gerð verði könnun á:

- a. Notkun grænna svæða í skóla og frístundastarfi
- b. Tíðni útináms í skóla og frístundastarfi

2. MÚÚ heldur ekki utan um notkun á grænum svæðum í skóla og frístundastarfi. Undantekning á þessu eru tilraunaverkefni sem MÚÚ er með í gangi:

- a. *Lundurinn* er útikennslustofa á útivistarsvæðinu við Gufunesbæ. Skólar og frístund hafa aðgang að aðstöðu MÚÚ með því að bóka sig í gegnum vefinn muu.reykjavik.is/lundurinn/. Einnig hafa skólar haft möguleika á að bóka sig í „Úti er ævintýri“ dagskrá hjá MÚÚ í gegnum vefinn muu.reykjavik.is/uti-er-aevintyri/
- b. *Vísindakistann* snýst um að auka aðgengi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva að útivistarsvæðum í Reykjavík til að nota markvisst í starfi með börnum og unglingum. Það felst meðal annars í því að hafa aðgang að skjóli, salernisaðstöðu, hugmyndum að verkefnum og tækjum og tólum sem hægt er að nota í útinámi. Bókun í vísindakistuna fer fram í gegnum vefinn muu.reykjavik.is/visindakistan/.
- c. *Skíðað á skólatíma með 2.bekk* er tilraunaverkefni á skóla- og frístundasviði í umsjón Miðstöðvar útivistar og útináms, Gufunesbæ. Verkefnið er samstarfsverkefni MÚÚ, Skíðasvæðanna í borginni og þeirra grunnskóla í Reykjavík sem vilja taka þátt. Hægt er að skrá sig til þátttöku í verkefninu í gegnum vefinn muu.reykjavik.is/skidad-a-skolatima/.
- d. MÚÚ er tengiliður skóla við USK varðandi þjónustu fyrir svæðið (hreinsun, viðhald, uppbyggingu).

3. Útikennslustofur eru ekki kynntar sérstaklega fyrir starfsfólki á skóla- og frístundasviði. Undantekning á þessu er *Lundurinn* og önnur starfsemi MÚÚ, ásamt námskeið um grenndarsvæði sem haldið er á haustin og stendur starfsfólki SFS til boða, (sjá hér: muu.reykjavik.is/ut-vil-ek-namskeid/). Einnig hefur verið fjallað um græn svæði í fréttabréfinu *Úti er inni* sem sent er á starfsmenn SFS og má einnig nálgast hér muu.reykjavik.is/#frttabrf.

Hér er hins vegar um að ræða atriði sem þarfnast skýrari stefnumörkunar.

Hér fyrir neðan má sjá [texta í bláum lit](#) sem viðbót við upplýsingar sem komu fram í minnisblaði frá 22.júní 2019.

Tillögur MÚÚ vegna grenndarsvæðasamnings: (Minnisblað 22.júní 2019)

- Skilgreina og meta kostnað við aukna þjónustu við skólanna.
 - Búið er að skilgreina verkefnið í samstarfi við USK. Ekki er búið að meta kostnað við aukna þjónustu við skólanna. Ennþá er verið að vinna í verkferlum milli SFS og USK.
- Hefja samtal við USK um samstarf um sjálfbæra nýtingu á efni sem fellur til í Reykjavík og hægt er að nota í skólastarfi.
 - Samtal milli SFS og USK er í gangi. USK hefur tekið vel í þessa beiðni en útfærsla er ennþá á tilraunastigi. Skólar geta nálgast efni í gegnum MÚÚ: <http://muu.reykjavik.is/efnisveitan/>
- Hefja samtal við USK um möguleika á sérstakri þjónustu vegna grenndarsvæðanna, með tilliti til þeirra athugasemda sem hafa borist frá skólunum.

- Samtal milli SFS og USK er í gangi. Þetta mál er til skoðunar hjá USK, þar sem stærsti kostnaðurinn vegna aukinnar þjónustu mun falla á USK.
- Að skólar uppfylli ákveðin skilyrði til að hafa aðgang að ákveðinni þjónustu, t.d. sýnileiki í skólanámskrá, lágmarks virkni í notkun grenndarsvæðis, o.fl.
 - Þetta hefur ekki verið útfært og helst í hendur með stefnu sem á eftir að móta í nýtingu grenndarsvæða eða grænna svæða í borginni.
- Að upprifjunar námskeið vegna grenndarsvæða sé í boði í byrjun hvers skólaárs, og jafnvel að það væri eitt af skilyrðum fyrir skóla fyrir aukinni þjónustu að eiga alltaf fulltrúa á þessu námskeið. Þátttaka í námskeiðinu jafngilti endurnýjun samnings skóla við SFS.
 - Grenndarsvæðanámskeið er fastur hluti í námskeiðsröð MÚÚ – Út vil ek. Námskeiðið er haldið á haustin í samstarfi við USK og stendur öllum til boða, muu.reykjavik.is/ut-vil-ek-namskeid/. Einnig er í boði að fá starfsfólk MÚÚ í heimsókn inn í skóla.
- Að skólar hafi aðgang að efnislager af náttúrulegu efni sem fellur til í borginni. T.d. greinar fyrir tálgun, eldivið, smíðar.
 - Þetta er búið að framkvæma. Skólar og frístund getur nálgast náttúrulegt efni í gegnum vefsíðu MÚÚ: muu.reykjavik.is/efnisveitan/. Verkefnið er ennþá á tilraunastigi.
- Lagt er til að samstarfssamningur milli SFS og USK um grenndarsvæði í starfsemi skóla sé gerður.
 - Þetta er ekki búið að framkvæma og helst í hendur við þá stefnu sem á eftir móta í nýtingu grenndarsvæða eða grænna svæða í borginni.
- Lagt er til að ekki sé lengur gerður samningur við hvern skóla, en hver skóli væri aðili að samningum með því að uppfylla ákveðin skilyrði sem eru nefnd hér að ofan sem dæmi. Hér þarf að huga að því með hvaða fyrirkomulagi skólar haldi áfram að „eiga sér“ grenndarsvæði og gera það að sýnu aðal svæði. Hér er einnig mikilvægt að opna á þann möguleika að fleiri en einn skóli geti nýtt sama svæði í samstarfi.
 - Óbreytt ástand.

Aðgerðir: (Minnisblað 22.júní 2019)

- Hefja samtal við USK um möguleika á auknu samstarfi í anda sjálfbærni Reykjavíkurborgar og sjálfbærni menntunar. [Farið af stað.](#)
- Skilgreina þau þjónustutilboð sem gætu verið innifalinn í samstarfssamningi. [Búið.](#)
- Skýra verkferla og boðleiðir vegna þjónustunnar á báðum sviðum. [Farið af stað.](#)
- Búa til grenndarsvæðanámskeið. [Búið. Er haldið á hverju hausti.](#)



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 22.júní 2018

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Sendandi: Hafsteinn Grétarsson, Ævar Aðalsteinsson, Miðstöð útivistar og útináms

Efni: Endurskoðun á Grenndarsvæðasamningum SFS og USK

Verkefni SFS og USK um grenndarsvæði hófst 2004 með þátttöku 10 leik- og grunnskóla í Reykjavík. Fleiri skólar hafa síðan komið inn í verkefnið síðan þá og eru nú um þrjátíu. Endurskoðun á verkefninu var gerð 2013. Samhliða því var ný verkefnastjórn skipuð, skerpt á ferlum og skipulagi sem unnið var eftir ásamt því að nýir samningar til þriggja ára voru undirritaðir.

Í apríl 2017 runnu samningarnir út. Í janúar og febrúar 2018 fór fram endurmat á verkefninu á vegum Miðstöðvar útivistar og útináms. Allir skólar sem eru aðilar að grenndarsvæðasamningum voru heimsóttir og viðtöl tekin við skólastjóra eða umsjónarmenn verkefnisins í viðkomandi skóla. Viðtölin voru eins upp sett og þau sem gerð voru við endurskoðun verkefnisins 2013. Einnig var farið í vettvangsferð á öll grenndarsvæði.

Ábendingar frá skólunum voru eftirfarandi (samantekið):

Aðstaða: Hvert er hægt að leita til að bæta aðstöðu? Fá kurl í stíga, setja upp skilti, koma fyrir drumbum, eldstæði, borð/bekkir, WC.

Viðhald: Kistu fyrir áhöld/verkfæri til viðhalds, sláttur og grisjun, sáning, hreinsun og öryggi, stígar og aðgengi.

Plöntur: Fá fleiri tré til gróðursetningar, fá aðstoð við gróðursetningu, grisjun og viðhalds svæðis. Fá að vera með í gróðursetningu.

Fræðsla: Vantar almenna fræðslu um útinám, viðhald á svæði, vegna gróðursetningar, um skógarnytjar og tálgun.

Efnisöflun: Nýting á náttúrulegu efni í skólastarfi.

Öryggismál: Ábendingar varðandi viðhald/umhirðu/úrbætur sem þarf að bregðast hratt við.

Notkun skólanna á grenndarsvæðunum:

1/3 notar grenndarsvæðin mikið, eða einu sinni í viku.

1/3 notar grenndarsvæðin árstíðarbundið, eða tengt formlegum viðburðum innan skólans.

1/3 notar grenndarsvæðin óskipulega eða lítið. Lítil áhersla lögð útinám í skólanum.

Allir skólar lögðu áherslu á það að vilja halda áfram með grenndarsvæði.

Í þeim skólum sem nota grenndarsvæðin árstíðarbundið eða lítið, var oftast ekki til staðar tengiliður grenndarsvæða eða starfshópur um útinám. Fyrir því voru aðalega tvær ástæður:

- Upphaflegir starfsmenn sem tóku þátt í byrjun og sem höfðu áhuga/þekkingu voru farnir til annarra starfa. Erfitt að fá aðra kennara til að taka við verkefninu.
- Svæðið í mikilli niðurníðslu og/eða ekki öruggt. Ekki með upplýsingar um hvert sé hægt að leita með úrbætur eða úrbótum ekki sinnt.

Athugasemdir MÚÚ vegna grenndarsvæðasamnings:

- Samningurinn er hvetjandi fyrir skóla og gefur til kynna formleg áform skóla til að nýta sér græn svæði í nágrenninu í skólastarfi.
- Mikið af þeim athugasemdum sem skólar gera vegna grenndarsvæðanna falla ekki undir grenndarsvæðasamninginn. Skólarnir virðast því vilja meiri þjónustu en gert er ráð fyrir að samningurinn eigi að veita.
- Allir skólar vilja halda áfram með samning um grenndarsvæði, en með þeim breytingum sem athugasemdir skólanna gefa til kynna.
- Fyrir utan fræðslu um útinám og sjálfbærni við undirskrift samnings og ráðgjöf í framhaldi við nýtingu á svæðinu, hefur samningurinn ekkert praktískt gildi fyrir skólann. Skólinn getur hvort sem er nýtt opin græn svæði borgarinnar í skólastarfi ef honum sýnist svo, þó svo samningurinn sé ekki gerður.
- Skólinn þarf hins vegar að vinna inn í sína starfsáætlun (skólanámskrá) markmið með því starfi sem fram fer á grenndarsvæðunum og skuldbinda sig til að koma á starfshópi um útinám. Þetta er mjög misjafnlega útfært hjá skólunum.
- Fyrir utan fræðslu og ráðgjöf varðandi skólastarf á grenndarsvæðum, getur tengiliður SFS ekki brugðist við athugasemdum skólanna vegna grenndarsvæðanna. Tengiliður USK getur heldur ekki brugðist við þessum athugasemdum meira en almennt er gert vegna grænna svæða borgarinnar.

Tillögur MÚÚ vegna grenndarsvæðasamnings:

- Skilgreina og meta kostnað við aukna þjónustu við skólanna.
- Hefja samtal við USK um samstarf um sjálfbæra nýtingu á efni sem fellur til í Reykjavík og hægt er að nota í skólastarfi.
- Hefja samtal við USK um möguleika á sérstakri þjónustu vegna grenndarsvæðanna, með tilliti til þeirra athugasemda sem hafa borist frá skólunum.
- Að skólar uppfylli ákveðin skilyrði til að hafa aðgang að ákveðinni þjónustu, t.d. sýnileiki í skólanámskrá, lágmarks virkni í notkun grenndarsvæðis, o.fl.
- Að upprifjunar námskeið vegna grenndarsvæða sé í boði í byrjun hvers skólaárs, og jafnvel að væri eitt af skilyrðum fyrir skóla fyrir aukinni þjónustu að eiga alltaf fulltrúa á þessu námskeið. Þátttaka í námskeiðinu jafngilti endurnýjun samnings skóla við SFS.
- Að skólar hafi aðgang að efnislager af náttúrulegu efni sem fellur til í borginni. T.d. greinar fyrir tálgun, eldivið, smíðar.
- Lagt er til að samstarfssamningur milli SFS og USK um grenndarsvæði í starfsemi skóla sé gerður.
- Lagt er til að ekki sé lengur gerður samningur við hvern skóla, en hver skóli væri aðili að samningum með því að uppfylla ákveðin skilyrði sem eru nefnd hér að ofan sem dæmi. Hér þarf að huga að því með hvaða fyrirkomulagi skólar haldi áfram að „eiga sér“ grenndarsvæði og gera það að sýnu aðal svæði. Hér er einnig mikilvægt að opna á þann möguleika að fleiri en einn skóli geti nýtt sama svæði í samstarfi.

Aðgerðir:

- Hefja samtal við USK um möguleika á auknu samstarfi í anda sjálfbærni Reykjavíkurborgar og sjálfbærni menntunar.
- Skilgreina þau þjónustutilboð sem gætu verið innifalinn í samstarfssamningi.
- Skýra verkferla og boðleiðir vegna þjónustunnar á báðum sviðum.
- Búa til grenndarsvæðanámskeið.

Fylgiskjöl:

- Grenndarsvæðasamningur – sniðmát.doc